

Alþingi
Erindi nr. P 131/1384
komudagur 19.4.2005

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.apríl 2005

Efni: Umsögn SVÞ um frumvarp tekjuskatt og eignarskatt, 137.mál, birting skattskrár.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa yfirfarið umrætt frumvarp sem snýr að því að hætt verði birtingu skattskrár eins og tíðkast hefur um árabíl við misjafnar undirtektir landsmanna.

Reifun máls

SVÞ telja birtingu skattskrár ekki uppfylla neina brýna þörf að því gefnu að það eftirlitskerfi sem í gildi er samkvæmt lögum virki eins og því er ætlað. Ef vanhöld eru á því þá á að endurskoða það kerfi en ekki beita þeirri aðferð að birta skattskrár sem eðlilega hlýtur að vera skýringarlaust og valda með því e.t.v. misskilningi og ranghugmyndum.

Lokaorð

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu mæla með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri